

lýsingunni, og til þessa berið yður saman við amtmennina yfir vesturumdæminu og norður- og austur-umdæminu, sem vèr höfum skrifað í dag samkvæmt þessu, að því leyti, er snertir þá pósthjóna, sem ráðnir verða í þeim umdæmum.

1872.

14. ágúst.

85. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um að Reykjavík verði tekin í brunabótafélag.

15. ágúst.

Útaf bænarskrá þeirri, sem hingað barst með bræfi yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 18. maí þ. á., frá bæjarstjórninni í Reykjavík, hefir verið lögð fyrir fulltrúa hins almenna brunabótafélags kaupstaðanna í Danmörku uppástunga um, að Reykjavík verði tekin inn í tæð brunabótafélag, og hafa fulltrúarnir á fundi sínum í f. m. fyrir sitt leyti samþykkt það með þeim skilyrðum, sem uppástunga sú, sem vèr sendum yður nokkur exemplör af, hefir inni að halda.

Um leið og vèr tilkynnum yður þetta, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það bæjarstjórninni, sendum vèr yður nokkur exemplör af lögum um brunabætur fyrir kaupstaðarhús, 14. maí 1870 og auglýsing dómsmálastjórnarinnar, sem hefir inni að halda ýmsar ákvarðanir um brunabótafélag kaupstaðanna, 8. apríl þ. á., og mælumst vèr til, að þér, herra stiptamtmaður, leitið álits bæjarstjórnarinnar um, hvort hún vili að Reykjavíkur kaupstaður verði tekinn inn í tæð brunabótafélag með þeim skilmálum, sem fyrnefnd uppástunga hefir inni að halda, og sendið það svo hingað með áliti sjálfs yðar, sèrilagi að því leyti, er snertir þær ráðstafanir, sem yður finnst vera þörf á, til að koma þessu máli í lag, ef svo færi að á þyrfti að halda.